

Kennararmenntun í deiglu,

3. Júní 2010-06-03

Framhaldsskólakennarar

Fundarstjóri Þórunn Blöndal

Frummælendur **Hafðís Ingvarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson og Anna María Gunnarsdóttir**

Hafðís: Þekking og færni faggreinakennarans og skipan náms

Kynnti hlutfall faggreinakennarans, en þar er kennslufræðin og vettvangsnámið lítil partur af náminu.

Nú eru nýjar kröfur um vinnubrögð. Skólar hrópa á námsskrárfræðinga, fólk þarf að kunna að tala við foreldra, eiga við fjölmenningu og svo margt annað, samvinnunám, prójectvinnu og svo margt sem ekki þekktist í háskólanáminu. Sjá glærur HI

Sbr. greining Shulmans – þekkingu á kennslufræði faggreinarinnar vantar.

Er kennslugrein það sama og fræðigrein? Hvert er inntak fræðigreinarinnar?

Nýir kennarar í dag segja að lítið hafi breyst og að það þurfi að auka þátt vettvangsnámsins, nú er „skautað yfir marga þætti“.

Nýja reglugerðin er ekki að breyta hlutföllunum en hún sýnir nýja mynd, óskamynd um það hvernig mætti mæta þörfum verðandi kennara.

Leiðirnar kynntar

Eiríkur: Hvað hef ég komið nálægt kennaramenntun? - kynnti það

Talar um dæmi - Íslenska í heimspekideild – gagnfræða- og menntaskólakennaraskóli áður fyrr skv. námskrá, síðar fór BA próf að duga 1965. Einingakerfi tekið upp 1977 lagaði undirbúning til kennslu. Breytt námsskipan 1989 enn til bóta. Þá hafði uppeldis- og kennslufræðin á sér vont orð, þótti ekki praktísk. Eiríki þykir BA próf í íslensku ófullnægjandi undirbúningur undir íslenskukennslu. Mped 1990 tekið upp, rýrt úr 3 árum í eitt og hálft. Síðar voru kröfur hækkaðar úr 120 í 180 einingar með 60 ein í faggrein á meistarastigi.

Fyrirfram var ákveðið við sameininguna að KHÍ kæmi inn sem ein heild. Eiríkur spyr hvort það sé rétt. Þarf að hafa áhyggjur af stöðu kennaramenntunar ef hún er felld undir aðrar deildir? Margir stefna ekkert endilega á kennslu en „lenda samt í“ henni. Nú er stór hluti Mped nema í HÍ sem koma úr KHÍ.

Nauðsynlegt að efla samstarf deilda og sviða og ryðja burt hindrunum

Anna María: Framhaldskólakennari í íslensku

Kennsla er mun meira en að sýna glærur. Anna María var snemma ákveðin í að verða kennari í framhaldsskóla, fór í BA í íslensku og fór þaðan í kennslufræðina og hefur notað þetta allt í kennslu og rannsóknum. Kennslufræðin undirbjó hana lang best, helst þá kennslufræði greina.

Hlutverk mitt, hvert er það? Búa nemendur undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og búa þá undir frekara nám, tjáningu o.fl. Það þarf að undirbúa kennarann í menntunarhlutverkinu. Hann þarf að geta kennt sitt fag og þarf að geta matreitt efni fyrir ólíka nemendur.

„Æfingakennslan mín var ekki næg, hefði mátt vera miklu meiri og víðar.“ Kennaranemar þurfa að fá að undirbúa kennslutímabil, tengja nám við vettvanginn. Símenntun þarf að vera mun meiri og kennarar á vettvangi þurfa líka að hafa betri aðgang að kennaraliðinu faglega og kennslufræðilega.

Anna María vildi sjá fleiri sérfræðinga í rannsóknum og sem myndu þá tengjast framhaldsskólakennurunum.

Sýndi niðurstöður könnunar – sjá glærur

UMRÆÐUR

Helgi Skúli: Hefur áhyggjur af því að fólk fari óundirbúið í að kenna ýmsar greinar. Á ekki við um stóru greinarnar eins og íslensku og stærðfræði. Vaxandi sérhæfing í einni grein er því áhyggjuefni.

Ingólfur: hefur verið gerð vinsældakönnun um hvort kennslufræði sé óvinsæl. Mótmælir því að þetta hafi verið þannig.

Ólafur Sigurðsson (frá Mmrn, áður Borgarholtsskóla): Breytingar hafa verið miklar, kennslufræðilega þáttinn vantar stórlega, 30 % nemenda fá ekki kennslu við hæfi skv. JTJ. Nú er hlutverk skólanna að mótívera. Meira er leitað til grunnskólakennara til að taka að sér ýmsa hópa framhaldsskólanema.

SVÖR - Eiríkur: hefur ekki gert neina vísindalega könnun en hefur bara heyrt frá nemendum að kennsluréttindanámið hefur breyst.

Hafdís: Rannsóknir hennar sýna að nýútskrifaðir hafa allt annað að segja en þeir sem luku fyrir 20 árum. Það eru svo miklar breytingar, fjölbreytni á allan hátt, ólíkir skólar, ólík hlutverk, dæmi: Bifröst, HA, Hvanneyri-þverfaglegt nám. Í íslenskunni fara nemendur mjög langt. En svo þarf ábyggilega ekki mjög djúpa menntun til að kenna byrjendum t.d. í þýsku.

Anna María: þurfum að mennta kennara til að hann hafi bjargir í sem flestu.

Jón Torfi: Vísar í erindi Önnu Maríu, til hvers eru framhaldsskólakennarar? Hvernig á að túlka orðið *FAGIÐ*? Það er nokkuð ljóst að fyrir tiltekna greinar s.s. íslensku og stærðfræði og fyrir ensku og dönsku er það sæmilega einfalt en gildir ekki um önnur fög. Hvaða undirbúningur í *faginu* er gagnlegur til að fara að kenna það? Er heldur ekki það sama í grunn-, framhalds- og háskóla.(fagið) Einnig spurning um fjölbreytni nemendahópa, þörf á undirbúningi fyrir mörg verkefni. Hvernig á að tengja saman fjölbreytni og *FAGIÐ*? Þess vegna er símenntun og starfsþróun er svo mikilvæg.

Hafþór: Við einblínum of mikið á upphafið og lítið á það sem tekur við, þ.e. hvað gerist svo í formlegri kennaramenntun með hliðsjón af fjölbreyttu samfélagi. Það hefur í raun ekkert breyst, kennarinn

stendur enn upp við töfluna og matar mannskapinn. Hvernig undirbúum við kennara til að rækta „nýja færni „ meðal nemenda.

Hafdís: Var ánægð með matsfund um kennsluréttindanam þar sem hún sá að viðstaddir fulltrúar töldu sig vera að hefja nám frekar en að ljúka. Þurfum að læra að mótívera. Spyrja hver sé símenntunarþörf framhaldsskólans. Það skiptir líka máli hvernig við erum að kenna. Grunnur nauðsynlegur til að geta valið og geta skilið það sem tekur við.

Kristín Runólfsdóttir: Skólinn þarf að vera lærdómssamfélag

Eiríkur: Eldri nemendur hafa hringt til hans eftir að þeir voru farnir að kenna í framhaldsskóla. Slíkum símhringingum hefur fækkað og er það vonandi vegna þess að farið var að kenna kennslufræði.

Guðný Guðbj: Þykir þessi umræða kunnugleg. Hefur verið að taka viðtöl um notkun samskiptamiðlanna nýju í sambandi við skólaþróun. Þar gefur toppliðið í nýsköpun skólakerfinu algera falleinkunn og segir það forpokað.

Þórunn Klemensdóttir: Kennir hagfræði í framhaldsskóla. Til þess að kenna grunnáfanga þarf endalausa endurmenntun, fög úreldast og ört þarf að skipta um kennslubækur. Hún er í fyrsta skipti að fara í vettvangsnám í sínu fagi. Langar að vita; að hve miklu leyti er kennaranámið í dag að kenna kennaranemum að mynda tengsl við nemendur? Mismunandi kennsluaðferðir gefa möguleika á slíku. T.d. ef nemendur fá ekki að spyrja myndar það fjarlægð. Hjartað er númer eitt.

Bergljót: Hvað eigið þið við með framhaldsskólakennari? Hvað með verkgreinakennarann? Lokað á þá í endurmenntun, þau námskeið eru einungis fyrir fólk með BA gráðu.

Fundi slitið og stefnt að áframhaldandi umræðum.

Sigríður Erla Jónsdóttir